



Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Sauðárkróki 2. mars 2005

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur með bréfi dagsettu 10. febrúar óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um eflingu fjárhags Bygðastofnunar, 468. mál.

Í greinargerð er gerð ágæt grein fyrir tillögunni og koma þar sjónarmið stofnunarinnar ágætlega fram. Eins og þar kemur fram hefur sú ánægjulega þróun orðið undanfarna mánuði að vextir langtímalána hafa lækkað verulega, og hefur þetta í för með sér að hinir fjárhagslega traustari úr hópi viðskiptavina stofnunarinnar greiða upp lán sín við stofnunina. Neikvæðu hliðarnar eru þær að stofnunin þarf á sterkum viðskiptavinum að halda til þess að þola og jafna út þá áhættu sem hún tekur í lánveitingum sínum hverju sinni. Á hinn bóginn er það auðvitað jákvætt ef fyrirtæki sem orðið hafa að leita til Bygðastofnunar um lánsfjármögnum hafa styrkt sig svo í sessi að viðskiptabankarnir treysta sér nú til að bjóða þeim betri kjör en Bygðastofnun. Má þá segja að stofnunin hafi að þessu leyti náð tilgangi sínum.

Þetta veldur því hins vegar að tekjur stofnunarinnar dragast verulega saman, og má sem dæmi um það nefna að hreinar vaxtatekjur, þ.e. mismunur vaxtagjalda og vaxtatekna, lækka úr 441 mkr. árið 2003 í 269 mkr. árið 2004. Þá er eiginfjárhlutfall stofnunarinnar komið niður í 9,5% í árslok 2004, en var 16,45% í árslok 2001. Er því ekki að óbreyttu útlit fyrir annað en að sá hluti starfseminnar er lýtur að fjármögnun verkefna og veitingu lána leggist af ef ekki verður við brugðist.

Það er mat Bygðastofnunar að enn sé þörf fyrir þá lánastarfsemi sem hún hefur haft með höndum. Sérstaða Bygðastofnunar á lánamarkaði hefur verið sú að hún hefur lögskilgreint starfssvæði og hlutverk, stofnunin veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum á starfssvæði sínu lán á almennt hagstæðari kjörum en viðskiptabankarnir gera, stofnunin veitir lán til lengri tíma en gerist annarsstaðar (allt að 50%-100% lengri), stofnunin gefur fyrirtækjum lengri aðlögun fram að fyrsta gjalddaga, stofnunin er þolinmóðari þegar til innheimtu lána kemur, en ekki síst verðmetur stofnunin fasteignir á landsbyggðinni með öðrum hætti en aðrir á lánamarkaði gera ásamt því að gefa sér ákveðinn seljanleika veða. Við ákvörðun um lánveitingu leggur stofnunin megináherslu á raunhæfi áætlana umsækjanda og traustar fjárhagsupplýsingar. Þá kemur sérstaða stofnunarinnar einnig

fram í því að henni er heimilt að meta byggðarmikilvægi ásamt öðrum málsástæðum. Loks birtist sérstaða Byggðastofnunar í þeirri miklu vinnu sem starfsmenn leggja í aðstoð og ráðgjöf við viðskiptamenn stofnunarinnar.

Þrátt fyrir mikla samkeppni á fjármagnsmarkaði og mun greiðara aðgengi að fjármagni nú en áður var, einnig á landsbyggðinni, er ljóst að mjög margir verða þar útundan, jafnt fyrirtæki sem einstaklingar.


Með róttækum breytingum á verklagsreglum fyrirtækjasviðs, sem samþykktar voru 19. ágúst 2002 og útgefnar með heildarendurskoðun 15. nóvember 2002, var tryggð miklu jafnari og greiðari afgreiðsla lánaerinda en áður hafði verið. Sett var ný verkaskipting milli starfsmanna og stjórnar sem m.a. gerir ráð fyrir því að umsækjendur hafa fyrirfram skilgreindan málskotsrétt til stjórnar, ef þeir vilja ekki una afgreiðslu lánanefndar. Samtímis hurfu stjórnarmenn úr lánanefnd og frá afskiptum af fyrstu umfjöllun um erindi sem stofnuninni berast. Nú starfar Byggðastofnun að þessu leyti mjög líkt sem aðrir fjárfestingarlánasjóðir og tryggt er að jafnræðisregla og góð stjórnslá séu í heiðri hafðar.

Styrkveitingar og hlutafjárframlög hafa í gegnum tíðina verið ríkur þáttur í starfsemi Byggðastofnunar, og hefur þessi liður í starfseminni verið fjármagnaður annars vegar með framlögum úr ríkissjóði, og hins vegar með tekjum af lánastarfseminni. Minnkandi tekjur stofnunarinnar skerða mjög getu stofnunarinnar í þessum efnum, og hefur verið ákveðið að stofnunin veiti ekki styrki né leggi fram hlutafé til fyrirtækja á árinu 2005.

Í lögum um stofnunina er kveðið á um að fjárhagslegt markmið lánastarfseminnar skuli vera að varðveita eigið fé stofnunarinnar að raungildi. Af þessu leiðir að brýna nauðsyn ber til að treysta efnahag stofnunarinnar til að hún geti tekist á við verkefni sín af fullum styrk.

Taka ber fram að ekki hefur verið fjallað um umsögn þessa í stjórn stofnunarinnar.

E.h. Byggðastofnunar



Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri.